

ERLENT



Reuter

Mótmæli við Gorleben

LÖGREGLUMENN sprautu vatni úr háþrýstítækjum á hóp fólks sem lagðist á járnbrautarteina á milli borganna Dannenberg og Gorleben í Þýskalandi á sunnudag. Fólkið mótmælti fyrirhug-

uðum flutningi á geislavirkum úrgangi frá kjarnorkuverum sem á að endurvinna í stöð er annast slík verkefni í Gorleben. Telja margir að hætta sé á slysum í sambandi við flutningana.

Þingmeirihluti Majors aðeins eitt sæti

Hvatt til liðhlaups í Íhaldsflokki

London. Reuter.

BRESKI Verkamannaflokkurinn hefur skorað á þá þingmenn Íhaldsflokksins, sem eru óánægðir með stjórn John Majors forsætisráðherra, að ganga til liðs við stjórnarandstöðuna. Til þessa hafa þeir

þingmenn Íhaldsflokksins sagt skilið við hann en ekki virðast líkur á meira liðhlaupi að sinni.

Ríkisstjórn Majors hefur nú aðeins eins atkvæðis meirihluta á þingi eftir mikinn ósigur í aukakosningum í síðustu viku og líkur á, að hún haldi út kjörtímabilið fram í maí á næsta ári hafa minnkað verulega.

Bresku blöðin sögðu um helgina, að tveir og jafnvel fjórir þingmenn Íhaldsflokksins, sem sættu sig ekki við aukna hægristefnu Majors, hefðu átt viðræður við fulltrúa Verkamannaflokksins um hugsanleg flokkaskipti. Var sérstaklega nefndur til Peter Temple-Morris en hann lýsti yfir í gær, að hvorki hann né hinir þrír væru á förum úr flokknum.

Krabbameinslækningar

Meinvörpum eytt með leysilampa

London. Reuter.

BRESKIR lækningar og vísindamenn segja að þeir hafi náð mjög góðum árangri við að eyða húðkrabbameini með nýjum leysilampa. Telja þeir, að hugsanlega sé um að ræða tímamót í baráttunni við sjúkdóminn.

Til þessa hafa rúmlega 150 sjúklingar með húðkrabbamein, annað en sortuæxli, verið meðhöndlaðir með lampanum, sem er á stærð við brauðrist og drepur krabbameinsfrumur. Tók meðferðin 45 mínútur og eftir nokkrar vikur voru öll ummerki um húðkrabbann horfin.

„Hér er um að ræða mikilvæga uppgötvun eða nýjung, sem mun hugsanlega hafa veruleg áhrif á það hvernig annað krabbamein verður meðhöndlað,“ sagði Gordon McVie prófessor og forstöðumaður Krabbameinsrannsóknastofnunarinnar Cancer Research Campaign, CRC.

Reyndur á annað krabbamein

Verið er að reyna lampann, sem dr. Colin Whitehurst við Patersonstofnunina í Manchester fann upp, á sjúkrahúsum í Skotlandi og N-Englandi og verið er að undirbúa prófanir á áhrifum hans á aðrar krabbameinstegundir. Er þar um að ræða krabbamein í heila, brjóstum, vélinda, blöðruhálskirtli, þörmum og móðurlífi en við því er venjulega beitt uppskurði eða lyfjum.

CRC vinnur að því að fá einkaleyfi á lampanum og bresk og bandarísk fyrirtæki eru að semja um umboð fyrir hann á heimsmarkaði.

LISTIR

Stórfengleg myndbönd

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MYNDBANDALIST


Steina Vasulka. Opíð kl. 10-18 alla daga til 12. maí. Aðgangur kr. 300 (gildir á allar sýningar). Sýningarskrá 900 kr.

ÞAD eru ekki mörg ár síðan fyrstu kynningar á þessu nýja listformi fóru fram hér á landi, þó miðillinn hafi tekið að hasla sér völl innan myndlistarinnar fyrir meira en aldarfjórðungi; þannig hafa Íslendingar á stundum verið undarlega aftarlega á merinni, þrátt fyrir alla nýjungagirnina.

EKKI var þessi listgrein okkur þó með öllu ókunn, þar sem nokkrir listamenn hafa komið að henni hér. Þannig þekktu menn að minnsta kosti til hennar, og má síðan nefna sjónvarpsþætti um þennan miðil sem Þór Elís Pálsson vann fyrir nokkrum árum. Myndbandalist hefur brugðið fyrir á samsýningum, og loks var kynning á myndbandalist kvenna á Kjarvalsstöðum á síðasta ári, sem varð þó í raun ekki til að auka hróður miðilsins.

Því má segja, að það sé fyrst með þessari sýningu á verkum Steinu Vasulka sem þetta listform hafi fengið verðugt tækifæri til að slá í gegn á Íslandi. Og það tekst svo sannarlega, því hér er á ferðinni ein athyglisverðasta sýning á myndlistarsviðinu hér á landi það sem af er árinu, sem ætti ótvírætt að verða til þess að opna augu fjöldans fyrir þeim fjölbreyttu og ríkulegu möguleikum, sem þessi miðill hefur upp á að bjóða.

Steina fæddist í Reykjavík 1940, og lagði sem barn og unglingur stund á fiðlunám, og fór loks utan til frekara náms á því sviði í Tékkóslóvakíu. Hún fann sig hins vegar ekki á því sviði, og eftir að hún kynntist manni sínum sneri hún sér að myndgerð og loks myndbandinu um 1970, en þá voru þau hjónin sest að í Bandaríkjunum. Steina og Woody Vasulka hafa verið í fremstu röð á þessu sviði alla tíð síðan, og sérstaða þeirra verka markast mikið af þeirri list-



Steina Vasulka.

Morgunblaðið/Porkell

þjálfun, sem þau komu með að þessum nýja miðli. Gene Youngblood bendir á þessi sterku tengsl í inngangi sínum í sýningarskrá:

„Fyrir Steinu Vasulka, sem hóf listferil sinn sem fiðluleikari, eru hinar fjölbreyttu rásir mynda og hljóða í margskjáa myndbandalist líkt og fjölrödduð tónlist, þar sem hver rás líkist rödd í söngsveit. . . Því er hægt að hugsa sér innsetningarnar á þessari sýningu sem kvartetta og tríó, þar sem Steina nýtir sér sjónrænar hljóðstæður hljómfalls, tóns, áferðar og hljómbles.“

Í sýningarskrá eru kynnt til sögunnar fjögur verk sem verða tekin til sýningar hér á landi, og í raun má tala um að með þeim séu skapaðar gjörólíkar, síkvikar innsetningar; þannig geta gestir fengið að njóta mikillar fjölbreytni yfir allan sýningartímann, eftir því hvernig listakonan hefur ákveðið að setja verkin fram.

Þessi verk eru nefnd „Eldrúnir“, „Ferund frá Tokyo“, „Raddanir“ og „Ptólomeos“. Það er fróðlegt að lesa texta Gene Youngblood um tilurð hvers fyrir sig og þá samverkandi þætti sem þar er að finna. Sérstaklega er fróðlegt að fylgjast með ríkulegum þætti tónlistar eða hljóðsetningar almennt í þessum verkum, og t.d. er „Raddanir“ einkar áhrifamikil samsetning tóna

og myndmáls. „Eldrúnir“ er einstakur minnisvarði um eldinn, lifandi og myndræn form hans jafnt sem hljóðin, sem eru ekki síður mikilvæg.

Það sem á ef til vill mestan hlut í að gera þessa sýningu svo sérstaka og eftirminnilega er framsetningin, þar sem mynd- og hljóðheimi Steinunnar er sköpuð einstök umgjörð. Myrkríð, stórir myndfletir (sem sjá má frá báðum hlíðum), víðóma hljóð og margföldunaráhrif speglunar á þessa heild verður til að flytja gestinn alfarið inn í þennan heim listakonunnar fremur en að leyfa honum aðeins að líta inn um gluggann. Í þessu nær listakonan mun lengra með þessum miðli en hefðbundin kvikmynd eða sjónvarpsmynd gæti nokkru sinni gert.

Hér er á ferðinni merkur listviðburður, sem vert er að benda sem flestum á að njóta í eigin persónu. Áhugafólk um kvikmyndir mun hér sjá margt, sem þegar er tekið að krydda almenna kvikmyndagerð, og þeir sem hafa áhuga á nútímatónlist fá ekki síður nokkuð fyrir sinn snúð; hinn almenni listunandi getur hér sannfærst endanlega um að myndbandalistin er verðugur miðill sem á eftir að gera myndlistina enn ríkulegri en hún er fyrir.

Eiríkur Þorláksson

Þér stendur til boða

ráðgjöf sérfræðinga um garða-og gróðurækt

Vönduð gróðurhús

Hvar og hvernig á að nota áburð og fræ?

Jurtalyf gegn plöntusjúkdómum, skordýrum og óþrifum á trjám

Garðverkfæri

Er mosi í grasflötinni þinni?

Gosbrunnar, dælur, vatsheldir dúkar, stútar og fleira sem til þarf

RÁÐGJÖF SÉRFRÆÐINGA UM GARD- OG GRÓÐURÆKT

GRÓÐURVÖRUR
VERSLUN SÖLUFÉLAGS GARÐYRKJUMANNA
Smiðjuvegi 5, Kópavogi, sími: 554 3211